

- c. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 96 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- d. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
- e. Fyrir hverja smálest vatns ef selt er eftir mæli kr. 20.
- f. Framantalin gjöld hækki hlutfallslega og vatnsskattur reiknaður eftir fasteignamati.

Reglugerðarbreyting þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvamms-
tangahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess
að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. mars 1978.

Nr. 199.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. mars
1978 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Seyðisfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og
hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og skipulagsstjórn ríkis-
ins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. maí 1978.

Nr. 200.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, nr. 70/1972.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi.

Eigendur eða umráðamenn klak- og eldisstöðva skulu láta fara fram sóttþreinsun
á öllum nýfrjóvguðum hrognum sem þeir hafa hug á að ala. Sóttþreinsun skal fara
fram á þann hátt sem Fisksjúkdómanefnd segir fyrir um.

Héraðsdýralæknar eða fulltrúar Fisksjúkdómanefndar sem hún tilnefnir skulu
líta eftir því að sóttþreinsun fari fram á viðhlítandi hátt. Skulu þeir er eftirlit annast
láta af hendi vottorð um það strax að verki loknu.